

Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða

**Starfsskýrsla Heilbrigðiseftirlits
Vestfjarðasvæðis
2013**



apríl 2014
Anton Helgason, heilbrigðisfulltrúi

Efnisyfirlit

Starfsskýrsla Heilbrigðiseftirlits Vestfjarða fyrir árið 2013	3
Hlutverk	6
Kostnaður við heilbrigðiseftirlit	6
Uppbygging eftirlits og framkvæmd	8
Eftirlitsferðir 2013	10
Hollustuhættir	12
Mengunareftirlit og umhverfismál.	15
Matvælaeftirlit	19
Efnavörueftirlit	21
Lokaorð	22

Töfluskrá

Tafla 1. Íbúafjöldi á starfssvæðinu	6
Tafla 2. Yfirlit yfir kostnað	8
Tafla 3. Yfirlit yfir eftirlit Heilbrigðiseftirlits Vestfjarða árið 2013.	10
Tafla 4. Niðurstöður sýnatöku 2013.	11
Tafla 5 yfir íbúa og vegalengdir á starfssvæði heilbrigðiseftirlits Vestfjarða.....	22

Myndaskrá

Mynd 1. Hluti heilbrigðisnefndar og starfsmenn á fundi á Patreksfirði	4
Mynd 2. Einkalaug, Hörgshlíð	13
Mynd 3. Dæmi um skort á viðhaldi - leiktæki hættuleg börnum	14
Mynd 4. Setglös með fráveituvatni	16
Mynd 5. Áfyllingsbrunnur bensínstöðvar	17
Mynd 6. Handþvottaaðstaða starfsfólks í eldhúsi	19
Mynd 7. Upprunamerkingar grænmetis.....	20
Mynd 8. Efnalager í grunnskóla	21

Starfsskýrsla Heilbrigðiseftirlits Vestfjarða fyrir árið 2013

Í starfsskýrslu Heilbrigðiseftirlits Vestfjarða fyrir árið 2013 sem hér birtist eru tíundaðar eftirlitsferðir og niðurstöður sýnatöku. Einnig er gerð grein fyrir uppbyggingu og skipulagi Heilbrigðiseftirlits Vestfjarða. Núverandi skipulagi með svæðisbundnu heilbrigðiseftirliti var komið á 1988 og átti það að tryggja að ekkert sveitarfélag væri án heilbrigðiseftirlits. Fram að því höfðu sveitarfélögin hvert og eitt átt að bera ábyrgð á eftirlitinu en reyndin var sú að það voru aðeins stærstu sveitarfélögin sem héldu uppi virku eftirliti. Það var þó ekki fyrr en 1991 sem öll heilbrigðiseftirlitssvæðin eru mönnuð. Þegar ný lög tóku gildi 1998 var svæðisskipunin fest í sessi og svæðisnefndin tekur við hlutverki heilbrigðisnefnda. Þessi breyting hafði í för með sér mun skilvirkara starf. Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða tók til starfa 1991.

Stjórnsýslulega er heilbrigðiseftirlit á vegum sveitarfélaga. Heilbrigðiseftirlit er rekið skv. ákvæðum laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 m.s.br. en þar segir m.a. „*Ekkert sveitarfélag skal vera án heilbrigðiseftirlits*“ og „*Landið skiptist í eftirlitssvæði og skal heilbrigðisnefnd, kosin eftir hverjar sveitarstjórnarkosningar, starfa á hverju svæði*“. Heilbrigðisnefnd Vestfjarða er kosin á Fjórðungspingi eftir hverjar sveitarstjórnarkosningar.

Samtök heilbrigðiseftirlitssvæða á Íslandi voru stofnuð árið 2000 og er megintilgangur þeirra að vera málsvari, samráðs- og samstarfsvettvangur þeirra 10 heilbrigðiseftirlitssvæða sem starfa á vegum sveitarfélaga á Íslandi. Samtökin eru skipuð framkvæmdastjórum heilbrigðiseftirlitssvæðanna og formönnum heilbrigðisnefnda á landinu öllu.

Heilbrigðis- og umhverfismál heyra undir Umhverfis og auðlindaráðuneyti. Undir ráðuneytið heyrir jafnframt Umhverfisstofnun sem skv. lögum nr. 7/1998 hefur yfirumsjón með heilbrigðiseftirliti og umhverfiseftirliti sveitarfélaga. Í yfirumsjón felst samræming heilbrigðiseftirlits þannig að framkvæmdin sé með sama hætti á landinu öllu. Umhverfisstofnun skal sjá um gerð fræðsluefnis og upplýsa og fræða þá sem starfa að heilbrigðiseftirliti.

Matvælastofnun hóf störf 1. janúar 2008 þegar Landbúnaðarstofnun, matvælasvið Umhverfisstofnunar og matvælasvið Fiskistofu voru sameinuð undir einum hatti. Stofnunin starfar undir yfirstjórn Atvinnuvega og nýsköpunarráðuneytis. Matvælastofnun fer með yfirumsjón með matvælaeftirliti á vegum heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga og skal sjá um að vöktun og rannsóknir vegna þessa eftirlits séu framkvæmdar. Þá skal stofnunin vinna að samræmingu krafna sem gerðar eru til starfsemi á sviði matvælaeftirlits og að því að slíkum kröfum sé framfylgt. Til þess að stuðla sem best að því að þessu markmiði verði náð, gefur stofnunin út leiðbeiningar og viðmiðunarreglur um framkvæmdina sem heilbrigðisnefndum ber að fylgja. Ekki urðu breytingar á störfum heilbrigðiseftirlits við þessar breytingar en hinsvegar krefst þetta fyrirkomulag meiri skipulagningar sameiginlegra funda þar sem yfirumsjón heilbrigðiseftirlits heyrir nú undir tvær stofnanir og tvö ráðuneyti. Eftir sem áður hefur heilbrigðiseftirlitið eftirlit með matvælaframleiðslu og eftirlit á neytendamarkaði en Matvælastofnun fer með eftirlit með frumframleiðslu þ.e. fiskvinnslu, kjötvinnslu og sláturhúsum. Það að tvær stofnanir sem heyra undir tvö ráðuneyti hafi yfirumsjón með starfsemi heilbrigðiseftirlitsins breytir í sjálfu sér engu varðandi starfsemina en gerir umhverfi eftirlitsins flóknara. Meiri tími fer í samskipti við stofnanir og flækjustig eykst. Að

auki eru Matvælastofnun og Umhverfisstofnun falið beint eftirlit með vissum atvinnurekstri úti á svæðunum. Matvælastofnun er með eftirlit með mjólkurframleiðslu, kjötvinnslu og annarri frumvinnslu auk matvælaeftirlits með fiskvinnslu. Umhverfisstofnun er með mengunareftirlit með förgun úrgangs, þ.e. brennslu og urðun, stóriðju s.s. kalkpörungaverksmiðjum og fiskimjölsverksmiðjum. Olíubirgðastöðvar og meðferð olíu í höfnum er einnig undir eftirliti Umhverfisstofnunar. Í lögum og reglugerðum eru framsalsheimildir þar sem stofnanirnar geta falið viðkomandi heilbrigðiseftirlitssvæðum að fara með eftirlit með starfsemi í héraði sem stofnanirnar eiga að sinna. Um árabil hefur það verið stefna stjórnvalda í orði að flytja verkefni frá ríki til sveitarfélaga þannig að ákvörðun um áherslur og skipulag þjónustu sé í nánu samstarfi og samvinnu við íbúa viðkomandi sveitarfélags. Þróunin hefur hinsvegar orðið sú að fleiri og fleiri verkefni hafa verið yfirtekin af stofnunum ríkisins með laga og reglugerðarbreytingum.



Mynd 1. Hluti heilbrigðisnefndar og starfsmenn á fundi á Patreksfirði

Heilbrigðisnefnd

Í lögunum um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 er í 11. grein ákvæði um heilbrigðisnefndir. “Landið skiptist í eftirlitssvæði og skal heilbrigðisnefnd, kosin eftir hverjar sveitarstjórnarkosningar, starfa á hverju svæði.” Í hverri nefnd skulu eiga sæti fimm menn, kosnir af hlutaðeigandi sveitarstjórnnum, þar af skal einn vera formaður. Samtök atvinnurekenda og náttúruverndarnefndir sveitarfélaga á eftirlitssvæðinu eiga rétt á að tilnefna einn fulltrúa hvor í nefndina til viðbótar. Fulltrúar í heilbrigðisnefnd endurspeglar heilbrigðisnefndir sem tiltekna voru í lögum frá 1988, Ísafjarðarsýslurnar voru tvær,

Bolungarvík, Strandasýsla, og Barðastrandasýsla, aðalmaður frá Suðurfjörðum en varamaður úr Reykhólahreppi. Ný heilbrigðisnefnd var kosin á 55. fjórðungsþingi Vestfirðinga þann 3. - 4. september 2010 á Hólmavík. Á árinu 2011 varð ein breyting á heilbrigðisnefnd er Kristján Arnarson baðst lausnar vegna brottflutnings, í stað hans var Sólrún Geirsdóttir kosin á fjórðungsþingi. Við val í heilbrigðisnefnd hefur landfræðileg staðsetning nefndarmanna tekið mið af gömlu heilbrigðisnefndunum og endurspegla þannig svæðið sem unnið er á en einnig hefur fagþekking og reynsla ráðið miklu.

Heilbrigðisnefnd

Jón Reynir Sigurvinsson, formaður
Kristján Jóakimsson
Sólrún Geirsdóttir
Jón Hörður Elíasson
Kolfinna Guðmundsdóttir

Varamenn

Hjalti Karlsson
Hildur Halldórsdóttir
Svanlaug Guðnadóttir
Elva Björk Bragadóttir
Ingibjörg Kristjánsdóttir

Fulltrúi atvinnurekenda
Einar Valur Kristjánsson

Áslaug Alfreðsdóttir

Heilbrigðisnefnd fundaði 5 sinnum á árinu 2013. Þann 8. febrúar um ársreikning og um greinargerð vegna kvartana við iðnaðarsvæðið við Móru á Barðaströnd. Þann 12. apríl var fundað um starfsskýrslu heilbrigðiseftirlits, 31. maí um gjaldskrá og eftirlit, 11. október um fjárhagsáætlun og tillögu að gjaldskrá og þann 13. desember um viðbrögð sveitarfélaga við fjárhagsáætlun og tilboð í eftirlitskerfi. Á þessum fundum voru afgreidd 115 starfsleyfi til fyrirtækja, 22 tímabundin starfsleyfi og 15 tóbakssöluleyfi. 5 fyrirtækjum var veitt áminning vegna brota. Auk þessa voru veittar 39 umsagnir um tækifærisveitingaleyfi, 18 umsagnir um skipulagsmál og 12 undanþágur vegna sölu á tóbaki. Það eru heilbrigðisfulltrúar í umboði heilbrigðisnefnda sem hafa það starf að framfylgja ákvæðum laganna um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit og reglugerðum settum samkvæmt þeim. Heilbrigðisfulltrúar sinna öllu daglegu heilbrigðiseftirliti á svæðum nefndanna og afgreiða mál og umsagnir í umboði þeirra og þá með fyrirvara um samþykki þeirra. Milli funda er unnið í samráði við formann heilbrigðisnefndar.

Starfsmannamál

Tveir starfsmenn starfa hjá heilbrigðiseftirliti Vestfjarða í fullu starfi. Anton Helgason framkvæmdastjóri og Hlynur Reynisson staðgengill framkvæmdastjóra. Báðir hafa þeir réttindi til að starfa sem heilbrigðisfulltrúar.

Á árinu sótti Hlynur námskeið í febrúar um EN 1176 gildandi staðal um öryggi leiktækja og svæða og um reglugerð 942/2002 um öryggi leikvallatækja og leiksvæða og eftirlit með þeim. Þann 10. mars um merkingar matvæla og nýjar evrópureglur um notkun fullyrðinga hjá Matvælastofnun og námskeið á vegum EU í úttektum á HACCP kerfum matvælafyrirtækja 12. – 15. mars. Anton sótti námskeið um áhættuflokkun matvælafyrirtækja hjá Matvælastofnun þann 25. febrúar, samráðsfund um matvælaeftirlit þann 23. apríl og námskeið á vegum EU í úttektum á HACCP kerfum matvælafyrirtækja þann 26. - 28. febrúar. Anton sat einnig fund um reglusetningu vegna náttúrulegra baðstaða.

Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða starfar á vegum Heilbrigðisnefndar Vestfjarða og sér um að framfylgja lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998, ásamt þeim reglugerðum sem settar eru samkvæmt lögnum, samþykktum sveitarfélaga og ákvæðum í sérstökum lögum eða reglugerðum sem nefndinni er eða kann að vera falið að annast framkvæmd á. Því er ætlað að vinna að bættu heilbrigðiseftirliti á svæðinu, annast fræðslu fyrir almenning og efla samvinnu við önnur yfirvöld og aðila sem vinna að þessum málum. Umdæmi embættisins nær yfir 9 sveitarfélög. Íbúafjöldi í umdæminu 1. janúar 2014 var 6.972 manns.

Tafla 1. Íbúafjöldi á starfssvæðinu.

Íbúar sveitarfélaga 1. janúar 2014	
Bolungarvík	950
Ísafjarðarbær	3639
Reykhólahreppur	271
Tálknafjarðarhreppur	297
Vesturbyggð	949
Súðavíkurhreppur	202
Árneshreppur	53
Kaldrananeshreppur	105
Strandabyggð	506

Framkvæmdastjórinn er ábyrgur fyrir rekstri embættisins og ber að gæta hagkvæmni í rekstri þess og tryggja að kostnaður sé innan fjárheimilda.

Heilbrigðiseftirlit sinnir fyrst og fremst reglubundnu eftirliti við að framfylgja sértækum lögum og reglugerðum á sviði heilbrigðis-, matvæla- og umhverfismála. Það veitir starfsleyfi til fyrirtækja sem starfa á þessu sviði, sinnir kvörtunum og annast umhverfisvöktun. Aðaláhersla er lögð á fyrirbyggjandi starf, eftirlitsferðir, fræðslu og samráð við aðra eftirlitsaðila og fyrirtæki. Í meginráttum skiptist eftirlitið í þrjá flokka, þ.e. almennt heilbrigðiseftirlit, mengunareftirlit og matvælaeftirlit. Megnið af starfseminni felst í reglubundnu eftirliti þar sem fyrirtæki eru heimsótt og gerðar eru athugasemdir við það sem ekki er í lagi. Athugasemdum eða kröfum um úrbætur er komið á framfæri við viðkomandi aðila í viðtölum og/eða á skriflegan hátt. Ef ítrekuðum kröfum er ekki sinnt á viðunandi hátt er málið lagt fyrir viðkomandi heilbrigðisnefnd til meðferðar og heilbrigðisfulltrúi sér svo um að úrskurði nefndarinnar sé framfylgt. Þannig eru mál einstakra fyrirtækja ekki tekin fyrir í heilbrigðisnefnd nema um sé að ræða vafaatriði eða ef eftirlitspoli sinnir ekki úrbótum. Breyting varð á starfsemi heilbrigðiseftirlits á árinu með nýjum efnalögum, er eftirlitið færðist til Umhverfisstofnunar.

Kostnaður við heilbrigðiseftirlit

Tekjur sveitarfélaga vegna eftirlitsgjalda eru ekki skattstofn heldur þjónustugjald og því er óheimilt að taka hærra gjald en nemur eðlilegum og nauðsynlegum kostnaði við viðkomandi þjónustu. Töluverðar breytingar hafa orðið í gegnum tíðina á innheimtu

eftirlitsgjalda. Verslunarráð og Vinnuveitendasamband Íslands leituðu álits Umboðsmanns Aþingis á töku eftirlitsgjalda (Mál UA nr 1517/1995). Í kjölfarið á þessu áleti endurgreiddu sveitarfélög fyrirtækjum oftekin eftirlitsgjöld. Í framhaldi af þessu áleti var skipaður starfshópur sem vann leiðbeinandi reglur um uppbyggingu gjaldskráa fyrir heilbrigðis- og mengunareftirlit. Í 12. grein laganna segir: Heimilt er sveitarfélögum, að fenginni umsögn hlutaðeigandi heilbrigðisnefndar að innheimta gjald af eftirlitsskyldri starfsemi sé eftirlitið á vegum sveitarfélaga. Einungis má innheimta eftirlitsgjöld fari eftirlit fram. Þess ber að geta að tíðni eftirlits er mjög mismunandi eftir fyrirtækjaflokkum. Þannig er töluvert af fyrirtækjum sem fá eftirlit á fjögurra ára fresti. Í gjaldskrá eftirlitsins er gert ráð fyrir árlegu eftirlitsgjaldi, því er kostnaði við hverja heimsókn deilt niður á fjögur ár hjá þeim sem fá eftirlit á fjögurra ára fresti. Á það verður að benda að fyrirtæki og stofnanir eru ekki jafnt dreifð á sveitarfélögin. Þjónustugjöldin eru fyrst dregin frá heildarkostnaði áður en kostnaði er skipt á sveitarfélögin. Í fámönnum sveitarfélögum þar sem þjónusta við ferðamenn er mikil s.s. sundlaugar og hótél, sem þurfa mikið eftirlit og eru því með hátt gjald í gjaldskrá, er hlutfallslegur heildarkostnaður meiri á hvern íbúa.

Stór hluti af tíma heilbrigðisfulltrúa fer í að sinna kvörtunum frá almenningi ss. vegna dýrahalds og umgengni utandyra, eins fer töluverður tími í upplýsingagjöf við almenning, fyrirtæki, ríki og sveitarfélög. Þetta eru hlutir sem ekki er hægt að rukka fyrir. Eins er eftirlit sem ekki er hægt að tengja ákveðnum fyrirtækjum. Í þessu felst lögbundin þjónusta við íbúana. Fyrir hana greiða sveitarfélögin með sinni kostnaðarhlutdeild.

Tafla 2. Yfirlit yfir kostnað.

	Fjárhagsáætlun	Lokaniðurstaða	Álögð eftirlitsgjöld	Hluttur sveitarfélaga
1992	5.523.816	5.202.904	5.270.000	-1%
1993	5.367.000	5.047.371	4.810.000	5%
1994	5.462.000	5.333.106	4.350.000	18%
1995	5.737.833	5.763.483	4.620.000	20%
1996	6.059.608	6.049.223	4.850.000	20%
1997	6.419.000	6.172.371	4.980.000	19%
1998	8.032.062	8.096.676	4.850.000	40%
1999	7.772.000	7.718.103	3.714.573	52%
2000	7.536.191	9.513.012	5.440.627	43%
2001	10.029.991	11.891.238	5.947.554	50%
2002	12.662.550	14.166.611	7.073.130	50%
2003	14.233.717	14.470.587	9.259.800	36%
2004	14.930.796	14.949.614	8.652.500	42%
2005	15.496.451	16.479.968	9.432.973	43%
2006	16.159.577	16.221.384	9.656.064	40%
2007	18.586.068	19.725.261	10.326.911	48%
2008	20.181.345	21.993.939	12.135.520	45%
2009	22.320.816	23.570.170	11.282.300	52%
2010	24.932.317	25.985.137	13.174.330	49%
2011	24.007.270	23.695.984	14.830.729	37%
2012	25.264.775	24.528.438	14.191.556	37%
2013	26.445.850	25.795.046	17.071.632	34%
2014*	27.455.565		17.036.088	*áætlun

Uppbygging eftirlits og framkvæmd

Eftirlitsáætlun er unnin á hverju ári. Eftirlitsáætlun er borin fram á fundi heilbrigðisnefndar í upphafi árs. Eftirlitsáætlun er fyrirtækjaskrá heilbrigðiseftirlits flokkuð eftir Ísat númerum sem sett hafa verið á viðkomandi fyrirtæki við veitingu eða endurskoðun á starfsleyfi. Í eftirlitsáætlun kemur fram staða starfsleyfis fyrirtækis, dagsetning eftirlits síðustu tvö ár, niðurröðun fyrirtækja á heilbrigðisfulltrúa og niðurröðun eftirlitsins á ársfjórðunga. Ísatnúmerið tengist síðan gjaldskrá heilbrigðiseftirlitsins þar sem fram kemur tíðni eftirlitsins og fjöldi sýna sem taka á. Tíðni eftirlitsins er að mestu óbreytt frá þeirri viðmiðunargjaldskrá sem Umhverfissráðuneytið gaf út árið 1999. Þar sem stórir fyrirtækja hópar eru með eftirlit fjórða hvert ár, er í upphafi árs tekin ákvörðun um hvaða fyrirtækjaflokka á að skoða hvert ár. Því má í raun segja að áætlunin nái yfir fjögur ár þó hún sé unnin á hverju ári.

Þegar fyrirtæki fær starfsleyfi er það metið eftir gerð, stærð og umfangi og áhættu sem stafar af starfseminni. Ef verulegar breytingar verða á rekstri þá er fyrirtækið fært til í

flokkum. Að öðrum kosti er flokkunin endurskoðuð á fjögurra ára fresti. Gátlistar fyrir eftirlit eru unnir upp úr samræmdum starfsleyfisskilyrðum Heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga og Umhverfisstofnunar, en að auki eru á hverju ári teknir fyrir ákveðnir þættir sem skoðaðir eru sérstaklega, s.s. neysluvatn á tjaldstæðum, efnavörunotkun í skólum og leikskólum, slysavarnir o.s.frv.

Meginregla heilbrigðiseftirlits er að einn heilbrigðisfulltrúi fari í hverja eftirlitsferð í hvert fyrirtæki. Hinsvegar förum við saman öðru hvoru til að samræma kröfur milli heilbrigðisfulltrúa, þannig reynum við að minnka þann mun sem er á milli skoðana heilbrigðisfulltrúa. Eins höfum við reynt, ef kostur er, að fara með heilbrigðisfulltrúum annarra svæða í eftirlit sérstaklega ef skoða á starfsemi sem við erum ókunnug, en það er bara allt of sjaldan. Meginreglan er að eftirlitsskýrslan er færð á staðnum og skilin eftir, hinsvegar ef athugasemdir eru margar eða ef ekki hefur verið brugðist við síðustu athugasemdum þá er eftirlitsskýrslu fylgt eftir með bréfi þar sem athugasemdir eru tíundaðar og vísað í lög og reglur. Ekki hefur verið hafður sá háttur á að rukka sérstaklega fyrir eftirfylgni eftirlits. Ef eftirfylgni felur í sér ítrekaðar sýnatökur þá hefur verið innheimt fyrir það sérstaklega. Farið er í eftirlit hjá fyrirtækjum sama ár og þau fá starfsleyfi og gjald fyrir starfsleyfi er eitt tímagjald en eftirlitsgjaldið er mismunandi eftir starfsemi. Erfitt er að alhæfa um hvernig kostnaður er meðhöndlaður vegna kvartana sem ekki tengjast starfsleyfiskyldri starfsemi, því það getur verið mismunandi. Ef kvartað er yfir starfsemi sem ekki er á skrá eftirlitsins, er algengast að viðkomandi sveitarfélagi sé sendur reikningur fyrir útseldri vinnu heilbrigðisfulltrúa. Algengustu kvartanir af þessu tagi eru vegna dýrahalds, umgengni utandyra og ónæði frá starfsemi. Áður voru öll starfsleyfi gefin út til fjögurra ára, með þeirri undantekningu að ný leyfi til fiskeldis hafa verið gefin út til eins árs. Þessu var breytt árið 2006 og samræmt milli heilbrigðiseftirlitssvæða á þann veg að starfsleyfi eru nú gefin út til tólf ára. Starfsleyfi er lögformlegur gjörningur og á heilbrigðiseftirlitinu hvílir sú skylda að geta á hverjum tíma gefið sem réttastar upplýsingar um fyrirtæki á sínu svæði.

Samræming krafna: Mikið hefur verið unnið í samræmingarmálum á undanförunum árum, sérstaklega á hollustuháttasviði. Samræmdar starfsreglur eru notaðar þar sem þær eru til. Innan svæðis samræma heilbrigðisfulltrúar sig með því að fara saman í eftirlit. Eins höfum við fengið að fara með heilbrigðisfulltrúum á höfuðborgarsvæðinu í eftirlitsferðir. Ef upp hafa komið mál á svæðinu sem við höfum ekki þurft að glíma við áður, höfum við fengið heilbrigðisfulltrúa af öðrum svæðum með reynslu til að leiðbeina okkur.

Hér fyrir neðan er tafla sem sýnir skráningu eftirlitsferða hjá heilbrigðiseftirlitinu á árinu 2013. Vakin er athygli á að hér er ekki um tæmandi skráningu að ræða. Til dæmis eru athugasemdir sem gerðar eru við bíla og bílhræ á lóðum fyrirtækja ekki skráðar sem eftirlitsferðir né heldur sýnatökuferðir. Fyrirtæki sem framleiða eða dreifa matvælum eiga flest að fá eftirlitsheimsókn einu sinni á ári. Fyrirtæki sem falla undir Hollustuháttareglugerð og fyrirtæki með mengandi starfsemi eru hinsvegar oft með heimsóknartíðni annað hvert ár og stór hluti með heimsóknartíðni fjórða hvert ár.

Höfuðáhersla er lögð á að hafa eftirlit með fyrirtækjum sem selja eða dreifa matvælum til almennings.

Tafla 3. Yfirlit yfir eftirlit Heilbrigðiseftirlits Vestfjarða árið 2013.

	Heildarfjöldi	Fjöldi með starfsleyfi	Fjöldi sem fékk eftirlit	Fjöldi eftirlitsferða
Heildarfjöldi	604	590	328	412
Hollustuhættir	216	214	107	108
Matvæli	197	193	161	243
Mengun	197	192	59	61

Af 604 fyrirtækjum fengu 328 fyrirtæki heimsókn í 412 eftirlitsferðum. Athuga ber að við miðum við að heimsókn sé skráð á hvert fyrirtæki í samræmi við tíðni. Stór hluti af fyrirtækjum er með heimsóknar tíðni sem miðast við heimsókn á fögurrá ára fresti.

Athuga ber að sama fyrirtæki getur verið skráð undir öllum þremur flokkunum en við flokkun er megin starfsemi látin ráða. Töluverður hluti af eftirlitsferðum er ekki skráður þar sem við erum að koma á framfæri almennum leiðbeiningum og athugasemdum og fylgja eftir fyrri eftirlitsferðum. Eins eru sameiginleg eftirlitsverkefni og heimsóknir vegna vöru sem verið er að taka úr umferð skráðar á annan hátt, ekki með reglubundnu eftirliti.

Niðurstöður sýnatöku til örverumælinga

Til að kanna örverufræðilegt ástand matvæla tekur heilbrigðiseftirlitið sýni af neysluvörum og vatni. Tíðni sýnatöku af neysluvatni er bundin í reglugerð. Þannig er tekið mánaðarlega vatnssýni á Ísafirði og í Bolungarvík. Hjá vatnsveitum annarra þéttbýlisstaða eru tekin sýni ársfjórðungslega en hjá einka vatnsveitum er miðað við eitt vatnssýni á ári.

Sýni af matvælum og vatni eru tekin til að kanna ástand þeirrar vöru sem er á boðstólum. Sýni eru send til bakteríuræktunar hjá rannsóknarstofu Matis ohf. Við ræktun er vanalega verið að rækta fram vísibakteríur, þ.e. kólí og saurkólí, en tilvist þeirra gefur til kynna óprifnað eða mengun af sauruppruna. Ef þessar bakteríur finnast er talið að líkur séu á að aðrar og hættulegri sjúkdómsvaldandi bakteríur geti verið til staðar. Sýnin eru metin eftir ákveðnum stöðlum sem eru mismunandi eftir vörutegundum.

Tafla 4. Niðurstöður sýnatöku 2013.

Niðurstöður sýnatöku 2013				
	fjöldi sýna		stóðst ekki	
Baðvatn	25		12	
Brauð	4		1	
fiskur	0			
Kjötvara	2			
Ís úr vél	0			
Mjólkurvörur	0			
Vinnsluvatn	6			
Neysluvatn	127		27	
Fráveituvatn	3			
Sigvatn	5			
Efnagreining	3			
Samtals	175			

Á árinu 2013 voru tekin 164 sýni til gerlamælinga, af þeim voru 40 sem ekki stóðust kröfur. 11 sýni voru tekin til efnamælinga, þ.e. COD mælt í 3 sýnum af vinnsluvatni, 5 sýni af sigvatni frá urðunarstöðum og 3 neysluvatnssýni til heildar efnagreiningar. Klórstyrkur í sundlaugum er mældur við reglubundið eftirlit, til að sannreyna innra eftirlit sundstaðanna, ekki er haldin skrá yfir þessar mælingar. Sýni úr heitum pottum voru 6 en af þeim voru 3 sem ekki stóðust kröfur. Úr sundlaugum voru tekin 11 sýni og af þeim var 1 sýni sem ekki stóðst kröfur. Af 8 sýnum úr laugum og pottum, þar sem ekki er notaður klór, var ekkert sýni sem stóðst kröfur fyrir baðvatn.

Sýnataka af matvælum og vatni eru þeir mælikvarðar sem heilbrigðiseftirlitið hefur til að meta hvort einhver árangur er af starfinu. Á það verður þó að benda að fá sýni eru í hverjum flokki. Fjölgað hefur þeim vatnsveitum sem þurfa að hafa starfsleyfi og vera undir eftirliti heilbrigðiseftirlits. Þær vatnsveitur sem hér bætast við eru einkavatnsveitur hjá ferðaþjónustuaðilum, mjólkurbúum og fiskverkendum í dreifbýli. Vatnsgæði, þar sem ekki er reglubundið eftirlit, eru marktækt lakari. Hjá kúabændum og hjá matvælaframleiðendum til sveita voru tekin 16 sýni af þeim voru 4 sem ekki stóðust kröfur. Tekin voru 32 sýni hjá ferðaþjónustuaðilum í dreifbýli af þeim stóðust 18 ekki kröfur. Vatnsveitur í þéttbýli eru 12, úr þeim voru tekin 65 sýni og af þeim voru 4 sýni ekki í lagi. Niðurstöður sýna að ástand á einkavatnsveitum er mjög svipað og var hjá sveitarfélögunum áður en reglubundið eftirlit með vatnsgæðum hófst.

Hér er um að ræða eftirlit með fyrirtækjum og stofnunum samkvæmt reglugerð um hollustuhætti nr. 941/2002 þeir staðir sem flokkast undir almennt heilbrigðiseftirlit eru t.d. baðstaðir, íþróttahús, skólar og leikskólar, gististaðir, hársnyrtistofur, heilbrigðisstofnanir, nudd- og snyrtistofur og íbúðarhúsnæði.

Raki og mygla

Mikil aukning hefur orðið á fyrirspurnum varðandi raka og myglu í íbúðarhúsnæði og má eflaust rekja það til mikillar umræðu í þjóðfélaginu. Við bendum fólki á að þar sem finnst sveppur þarf að þurrka raka og auka loftun t.d. með því að opna glugga. Síðan bendum við á að raka og myglu þarf að þrífa með sápu. Ef um skemmdir vegna raka er að ræða þarf að skipta út skemmdu efni, þrífa upp með sveppadrependi efni og mála síðan yfir. Það þarf að fara varlega í upphafi við þrif, þ.e. væta mygluna í byrjun þannig að minna fjúki upp í loftið af gróum og henda tuskum að notkun lokinni. Þurrka þarf síðan ryk af öllu í íbúðinni eftir að búið er að hreinsa út. Á heimasíðu Umhverfisstofnunar eru ágætar leiðbeiningar um raka og myglu.

<http://ust.is/einstaklingar/graenn-lifsstill/heimilid/raki-og-mygla/>

Sund og baðstaðir

Ný sundlaugareglugerð tók gildi í október 2010 sem lagði auknar kröfur á þá sem reka sundstaði. Reglugerðin jók kröfur um merkingar, mönnun, þjálfun og fræðslu um hreinlætis- og hollustuháttamál á sundstöðum og hækkaði aldursmörk barna sem geta sótt sundlaugar án þess að vera í fylgd með forráðamönnum. Á Vestfjörðum er fjöldi sund- og baðstaða, alls eru þeir 14 talsins. Heilbrigðiseftirlitið heimsækir þá alla reglulega, tekur út hreinlætismál, fer yfir innra eftirlit og veitir sömuleiðis starfsfólki fræðslu. Það er ljóst að miklu máli skiptir að starfsfólk sé vel upplýst og þjálfað í þeim mikilvægu störfum sem fylgja gæslu og umsjón með sundstöðum. Með breytingu á reglugerðinni er veitt heimild til að laugarvörður sé einn á vakt í þeim laugum þar sem gestafjöldi er að meðaltali undir 10 gestum á ársgrundvelli á þeim árstíma sem um ræðir. Kalla skal á auka laugarvörð ef 20 gestir eða fleiri eru í laug í einu. Rekstraraðili laugar, þar sem þessi heimild er nýtt, skal senda hlutaðeigandi heilbrigðisnefnd upplýsingar um fyrirkomulag laugar og tíma þann sem heimild þessi er nýtt. Ein sundlaug á svæðinu hefur sótt um að nýta þessa heimild.

Á árinu 2013 var í gangi sérstakt eftirlitsverkefni með sund- og baðstöðum þar sem m.a. var skoðað hvernig til hefur tekist að aðlagja sundstaði að breyttum kröfum. Tíu sundlaugar á Vestfjörðum voru heimsóttar í tengslum við þetta verkefni, unnið er að tölfræðiúrvinnslu og ættu niðurstöður að liggja fyrir fljótlega. Þær sundlaugar sem ekki voru með í þessari úttekt, eru C sundlaugar sem ekki eru opnar allt árið.

Á sumrin kemur til starfa í sundlaugunum fjöldi af ungu fólki til afleysinga, en þá fer saman aukinn fjöldi gesta og sólríkt veður sem eyðir virkum klór sem notaður er til sótthreinsunar. Það er því afar mikilvægt að fólk sem kemur til afleysingastarfa í sundlaugum fái góða leiðsögn og fræðslu um hollustuhætti, þar á meðal mikilvægi þess að skráning á þáttum, s.s. íblöndun klórs, sé framkvæmd og að sjá til þess að sundlaugargestir baði sig

áður en gengið er til laugar. Ýmsir sjúkdómar, þar á meðal mjög alvarlegir, geta borist með baðvatni ef ekki er hugsað nægjanlega vel um sótthreinsun baðvatnsins. Algengustu sjúkdómar sem tengja má sundlauganotkun eru sýkingar í slímhimnum (í augum, eyrum, hálsi og nefi) og í sárum og rispum á húð. Samkvæmt erlendum rannsóknum á sjúkdómum sem tengjast sundlaugum eru um 60% sýkingar í slímhimnu, 20% magasýkingar og megnið af þeim 20% sem eftir eru eru húðsýkingar. Ekki stafa öll sjúkdómstilfelli af bakteríum úr baðvatninu, þannig geta komið fram sýkingar af völdum náttúrulegrar flóru líkamans, sem nýta sér minnkun mótstöðuafls líkamans við böðun og kælingu. Sundlaugarnar í Reykjanesi, Heydal og Reykjafirði eru ekki með starfsleyfi frá heilbrigðiseftirliti og engin klórblöndun á sér þar stað.



Mynd 2. Einkalaug, Hörgshlíð

Baðstaðir í náttúru Íslands

Það hefur farið fram mikil umræða um drög að reglugerð um náttúrulaugar. Þessi reglugerð hefur enn ekki verið sett en biðtíminn er orðinn ansi langur. Í þeim drögum er gert ráð fyrir að staðir í 1. flokki þ.e. allir staðir með mannvirki og allir staðir með rekstur, skuli fara eftir öryggisreglum varðandi sund og baðstaði, eini afslátturinn virðist vera varðandi klórblöndun. En heilbrigðisnefnd metur hvort þarf að vara gesti við böðun út frá gerlaniðurstöðum. Heilbrigðisnefnd er ætlað að veita þessum stöðum starfsleyfi.

Sé rekstur náttúrulegs baðstaðar framseldur af ábyrgðaraðila, s.s. frá landeiganda til ferðamannþjónustuaðila, skal fylgja starfsleyfisumsókn samningur sem kveður á um ábyrgð

hvors aðila um sig gagnvart rekstrinum og ákvæðum sem um hann gilda í reglugerðum og starfsleyfi. Rekstraraðili náttúrulegra baðstaða í 1. flokki ber kostnað af sýnatöku og uppsetningu sérstakra merkinga. Ábyrgðaraðili náttúrulegra baðstaða í 2. flokki ber kostnað af sýnatöku og uppsetningu sérstakra merkinga. Þegar sýrustig er utan viðmiðunargildis skal heilbrigðisnefnd sérstaklega huga að efnainnihaldi vatnsins með tilliti til öryggis baðgesta.

Ekki er gert ráð fyrir reglulegum sýnatökum í laugum í 3. flokki. Meti heilbrigðisnefnd svo að ástæða sé til, t.d. ef grunur er um mengun, gilda framangreindar kröfur um heilnæmi baðvatns. Ríkið ber kostnað af sýnatöku og uppsetningu sérstakra merkinga í 3. flokki. Um náttúrulega baðstaði í 1. flokki gildir að minnst 8 af hverjum 10 sýnum skulu innihalda <100 saurkólígerla /100ml og að hámarki 2 sýni milli 100 - 2000 saurkólígerla/100 ml. Þetta eru miklu rýmri mörk en miðað hefur verið við t.d. í reglugerð um fráveitur og skólp nr. 798/1999. Í reglugerð um mengun vatns nr. 796/1999 myndi baðvatn skv. drögum að náttúrulegaugareglugerð falla í III-V flokk þ.e. nokkur saurmengun, mikil saurmengun og ófullnægjandi ástand vatns, þynningarsvæði. Þá er spurning hvort þessi dæming er nothæf í markaðssetningu á náttúrulegum laugum. Ég er nokkuð viss um að þessar laugar sem ég nefni eru undir þeim mörkum sem eru í drögum að náttúrulegaugareglugerð. Það sem við höfum helst áhyggjur af eru *pseudomonas* bakteríur sem geta valdið mjög slæmum sýkingum t.d. í gegnum sár og eins gætu einstaklingar með veiklað ónæmiskerfi verið í hættu. Gönguferðalöngum með blöðrur og sár gæti stafað hætta af þessari „pöddu“.



Mynd 3. Dæmi um skort á viðhaldi - leiktæki hættuleg börnum

Leiksvæði og leikvellir barna, Gæsluvellir og opin leiksvæði

Samkvæmt hollustuháttareglugerð 941/2002 eru öll leiksvæði starfsleyfis skyld starfsemi þ.e. gæsluvellir og opin leiksvæði sem almenningur hefur aðgang að. Leiksvæði á lóð fjöleignarhúss telst ekki opið leiksvæði. Á árinu 2013 var ástand leiksvæða m.t.t. öryggismála skoðað. Ganga þarf á eftir því að sveitarfélög sækja um starfsleyfi fyrir þau opnu leiksvæði sem eiga að vera með starfsleyfi.

Heilbrigðisfulltrúar framkvæmdu á árinu úttektir á flest öllum leiksvæðum á svæðinu. Greinilega kom í ljós að þess var þörf því í einu tilfelli var send áminning og fyrirhuguð lokun leikskóla í umdæminu vegna leiksvæðis og rakaskemmda innanhúss. Við leiktækjaskoðun kom einnig í ljós að við leiktæki utan leikskóla og skóla þ.e. opin leiksvæði og tjaldsvæði er

eftirliti og viðhaldi ábótavant. Sú athugasemd sem var algengust var að fallvörn væri ekki nægjanleg eða vantaði, því næst almennt viðhald á tækjum, upphengjur eða útlit tækja. Í undantekningar tilfellum voru hengingarhættur eða klemmubil til staðar. Nokkuð hefur borið á því að leiktæki eru ekki CE merkt og jafnvel heimasníðuð leiktæki s.s. rólur og kofar. Öll leiktæki á opnum leikvöllum og leiksvæðum skóla eiga að vera CE merkt og smíðuð af viðurkenndum fyrirtækjum. Við viðhald á tækjum er nauðsynlegt að fá varahluti og leiðsögn frá framleiðanda því bæði rimlabil, hæð, skráfur og annað er allt staðlað og því lágmörkuð slyshætta.

Á árinu var farið í hljóðmælingar á leikskólum. Mælt var hljóðstig innandyrna í leikskólunum Sólborg og Eyrarsól. Mælt var í kaffitíma þar sem börnin matast og í leikrými. Í öllum þeim mælingum sem voru framkvæmdar var jafngildishljóðstig vel undir 85dB(A), eða í kringum 69dB(A), hæsti toppur fór í 89.6dB(A). Hávaði í skólum og leikskólum stafar fyrst og fremst frá börnunum sjálfum en einnig frá leikföngum, leiktækjum, húsgögnum og húsbúnaði. Sumum hávaða er ekki hægt að komast hjá en hægt er að koma í veg fyrir eða minnka flestan hávaða með því að vera vakandi fyrir hávaðavöldum í umhverfi barna og þekkja til úrræða. Mikilvægt er því að bregðast við betri hljóðvist í umhverfi barna. Þau dæmi sem við höfum bent á sem úrræði fyrir leikskóla eru: Fjarlægja hávaðasöm leikföng, setja þykkar, lausar gólfmottur á gólf, sem eru slitsterkar og þvottahæfar og setja þykka og þvottahæfa dúka á borð. Einnig að skipuleggja hljóðláta matmálstíma, hámarka fjarlægð milli kennsluhópa. Hægt er að nota hljóðmynd á vegg, en það er áprentuð/máluð veggmynd sem jafnframt hefur hljóðdeyfandi eiginleika.

Mengunareftirlit og umhverfismál.

Samkvæmt reglugerð 786/1999 um mengunarvarnareftirlit er markmið heilbrigðiseftirlits með fyrirtækjum sem hugsanlega geta valdið mengun, að koma í veg fyrir óæskileg eða skaðleg áhrif á heilsufar almennings, röskun á lífríki eða óhreinun lofts, láðs eða lagar.

Starfsleyfi vegna fráveitu

Mikilvægt er að fráveitur sveitarfélaga séu með formleg starfsleyfi, en ef þau geta ekki uppfyllt kröfur í reglugerðum þá þarf að sækja um undanþágur hjá ráðuneyti. Heilbrigðisnefnd veitir starfsleyfi vegna fráveitu- og hreinsibúnaðar sem notaður er við meðhöndlun og hreinsun og losun á skólpi frá þéttbýli. Ísafjarðarbær hefur sótt um starfsleyfi fyrir fráveitur sveitarfélagsins skv. reglugerð um fráveitur og skólp nr 789/1999. Sveitarfélögunum hefur ítrekað verið bent á skyldur sínar. Á árinu 2014 eru ráðgerðar eftirlitsferðir með fráveitum sveitarfélaga og gengið eftir að önnur sveitarfélög sækji um leyfi. Gert er ráð fyrir að hefja sýnatökur af strandsjó, og mælingar á lengd fráveitustúta m.v. stórstraumsfjöruborð til að fá upplýsingar um hvernig ástandið er í raun. Áætlanir um endurskoðun á reglugerð 789/1999 hafa ekki gengið eftir. Samkvæmt reglugerð á að vera komin á „viðunandi“ hreinsun á fráveitu, einnig eru ákvæði um legu frárennslisstúta (9. gr), þar sem gerð er krafa um að öllu skólpi sé veitt til sjávar minnst 5 metra niður fyrir meðal

stórstraumsfjöruborð eða 20 m út frá stórstraumsfjörumörkum. Einnig er óheimilt að leiða skólp þannig að frárennslisop opnast til hafna. Heilbrigðisnefnd getur ekki veitt undanþágur eða tilslakanir frá reglugerð, sækja verður til Umhverfisstofnunar ef óskað er eftir slíku.



Mynd 4. Setglös með fráveituvatni

Lífræn mengun frá fiskvinnslu

Almennt er ástand vatnamála gott á Íslandi. Í vinnu vatnasvæðanefndar hefur komið fram að talið er að gríðarleg lífræn mengun stafi frá fiskvinnsluhúsum. Við höfum haft efasemdir um að þessar ályktanir séu réttar en höfum engar tölur til að rökstyðja okkar mál. Eitt af höfuðeinkennum Íslands er hvað langt er á milli fólks, þ.e. strjálbýli er mikið. Á Vestfjörðum hefur fólki fækkað um ca 30 % síðustu 25 ár, rækjuverksmiðjum hefur fækkað úr 8 í 2 og sama þróun hefur orðið í fiskvinnslu. Lífrænt efni í fráveituvatni 6 fiskvinnslufyrirtækja var mælt á árunum 1996 - 1997, en ekkert af þeim fyrirtækjum starfar í dag. Á árinu 2013 var mælt magn lífrænna efna í fráveituvatni frá þremur fiskvinnsluhúsum til að meta hvort þær viðmiðunartölur sem Umhverfisstofnun notar séu réttar. Ekki hefur heldur verið hægt að fá uppgefna þær forsendur sem notaðar eru við útreikninga á mengunarálagi sem Umhverfisstofnun notar. Í fráveitum fiskvinnslufyrirtækja er að finna töluvert magn af lífrænu efni sem brotnar auðveldlega niður í umhverfinu. Við þetta niðurbrot er notað súrefni. Ef losun er mjög mikil eða aðstæður við útrás þannig að mjög skýlt er, getur orðið uppsöfnun á lífrænu efni, bæði beint þ.e. lífrænt efni sest til á botni eða óbeint þar sem þörungagróður lifir á næringarefnum úr frárennslinu og sest á botn og drepst. Við þessi skilyrði getur súrefnið í umhverfinu klárast og við tekur niðurbrot við loftfyrirðar aðstæður. Við þurfum í flestum tilfellum ekki að hafa áhyggjur af því að þetta gerist við Ísland nema við mjög sérstakar aðstæður. En við ákvörðun á mengunarálagi er

skoðað hversu mikið magn af súrefni þarf til að brjóta niður það magn af lífrænu efni sem er í fráveituvatninu. Auðveldast er að mæla efnafræðilega súrefnisþörf COD. Til að fá samanburðinn þá eru niðurstöður umreiknaðar yfir í persónu einingar p.e. sem er skv. skilgreiningu það sem einn mannvera lætur frá sér af lífrænu efni á sólarhring. Þannig að ef reiknað eru út að fyrirtæki sé að losa 4000 p.e. þá samsvarar það sama magni og skólp frá 4000 manna byggð.

Samkvæmt reglugerð um starfsleyfi og um fráveitur og skólp skal heilbrigðisnefnd tilkynna til Umhverfisstofnunar um fyrirtæki sem eru með starfsleyfi og losa meira en 4000 p.e í eigin fráveitur. Í drögum að skýrslu um vatnasvæðið Ísland hafa verið listuð upp fiskvinnslufyrirtæki á svæðinu með losun yfir 4000 p.e. Ekki er búið að setja nein umhverfismörk fyrir næringarefni og lífræn efni í vatni í strandsjó, en þau mörk sem er að finna í reglugerð 796/1999 um varnir gegn mengun vatns eru sett fyrir ár og stöðuvötn. Sömuleiðis er ekki heldur búið að setja upp vistfræðilegt flokkunarkerfi sbr. 16. gr. reglugerðar 535/2011. Fráveituvatn frá þremur fiskvinnslu fyrirtækjum var mælt á tvennan hátt p.e. COD mæling beint og einnig var botnfellanlegt efni mælt og því hægt að áætla fjölda persónueininga á tvennan hátt. Tvö af þessum fyrirtækjum voru skráð í skýrslu vatnasvæðanefndar með yfir 4000 p.e. losun en hæstu gildi út frá mælingum reyndust vera rúm 2000 p.e.



Mynd 5. Áfyllingsbrunnur bensínstöðvar

Eftirlit með bensínstöðvum

Á árinu 2013 var gerð úttekt á öllum bensínstöðvum á starfssvæði heilbrigðiseftirlits Vestfjarða. Á Vestfjörðum voru starfandi 22 bensínstöðvar, verulegar athugasemdir voru gerðar við 9 bensínstöðvar. Af stöðvum sem skoðaðar hafa verið, vantar olúgildru við 7 stöðvar þ.e. Norðurfirði, Reykjanesi, Króksfjarðarnesi, Reykhólum, Innri Múla, Flateyri og Suðureyri. Skv. gr. 69 (35/1994) skal vera olúskilja tengd afgreiðslu og áfyllingarplani.

Olúhelt afgreiðslu og áfyllingarplan vantar við fimm stöðvar, Norðurfirði, Reykjanesi, Króksfjarðarnesi, Innri Múla og Reykhólum. Skv. gr. 67(35/1994) skal vera vökvahelt áfyllingar- og afgreiðsluplan sem þolir olíur. Athugasemdir voru gerðar við hellulögð afgreiðsluplön með olíudúk undir á Patreksfirði og Tálknafirði þar sem plön hafa sigið og óvíst að dúkur haldi. Að auki eru stöðvarnar á Króksfjarðarnesi, Reykhólum, Suðureyri, Flateyri og Innri Múla komnar á tíma hvað varðar að grafa tanka og lagnir upp og þykktarmæla.

Heilbrigðiseftirlitið taldi bíla að Garðsstöðum

Bílar voru taldir á Garðstöðum 31. janúar 2014. Bílarnir voru taldir á myndum sem teknar voru úr hlíðinni fyrir ofan safnið. Samtals töldust vera 455 bílar. Á Garðsstöðum í Ísafjarðardjúpi hefur um árabíl verið safnað gömlum ónýtum bílum og tækjum. Þorbjörn Steingrímsson er sá sem er í forsvari fyrir jörðinni. Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða hefur skoðað og talið bílana reglulega að ósk Súðavíkurrepps. Súðavíkurreppur hefur gert samkomulag við Þorbjörn um hreinsun. Þann 19. janúar 2006 undirrituðu Súðavíkurreppur og Þorbjörn Steingrímsson samning um hreinsun að Garðsstöðum. Í samningnum var kveðið á um að Þorbjörn sjái um hreinsun jarðarinnar af öllum bílaúrgangi að undanskildum 60 bifreiðum sem heimilt væri að vera með á jörðinni hverju sinni, til niðurrifs. Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða tók að sér reglulega talningu bílhreja á jörðinni, í því skyni að hafa eftirlit með fækkun bílaúrgangs samkvæmt samningi. Gert var ráð fyrir að ljúka hreinsun 15. maí 2006. Við þau tímamörk var ekki staðið og engin fækkun varð á tímabilinu skv. talningu heilbrigðiseftirlits. Síðari hluta árs 2006 voru gerð drög að samkomulagi og frestur til hreinsunar jarðarinnar framlengdur um 2 ár. Þessi samningsdrög voru ekki samþykkt af umráðamanni jarðarinnar. Nýr samningur milli beggja aðila með aðkomu Hringrásar ehf. tók gildi þann 13. október 2010. Í samningnum er gert ráð fyrir að Þorbjörn fjarlægji allar bifreiðar og bifreiðaúrgang af jörðinni. Honum er þó heimilt að halda eftir á jörðinni 90 bifreiðum eða farartækjum, auk bílahluta sem samsvara 20 körum. Þorbjörn skuldbindur sig, í samvinnu við Hringrás ehf., til að flytja að lágmarki 300 tonn af brotajárni (bifreiðum og bifreiðaúrgangi) frá Garðstöðum árlega fram til 1. október 2013, þar til takmarki skv. samningi þessum er náð. Í því felst nánar tiltekið að árlega skal fjöldi bifreiða á jörðinni fækka um að lágmarki 120. Í lok tímabils er gert ráð fyrir að Súðavíkurreppur leggi til breytingar á aðalskipulagi, sem er forsenda þess að hægt sé að veita starfsleyfi fyrir bílapartasölu á þessum stað. Áður hafði Þorbjörn sótt um starfsleyfi til heilbrigðisnefndar til reksturs partasölu en verið hafnað þar sem skipulag gerir ráð fyrir landbúnaðarstarfsemi en ekki iðnaðarstarfsemi.

Við talningar eru myndir teknar úr hlíðinni fyrir ofan safnið og þeir taldir í þeim röðum eða þyrpingum sem þeir stóðu í átt að bænum. Þannig eru tæki og tól á A- svæði lengst í burtu frá bænum og B- svæðið er bæjarhlaðið. Töluverð færsla hefur verið á bílum og

bílhlutum en ekki eru sjáanlegar marktækar breytingar á fjölda bíla eða bílhauta. Mikið magn brotajárns og flokkaðs úrgangs hefur verið flutt frá Garðsstöðum á þeim tíma sem samningar við Súðavíkurhrepp hafa verið í gildi. Þess sér þó engin merki í umfangi brotajárns á svæðinu og því má álykta að álíka magn sé flutt inn á svæðið og fer út af því.



Mynd 6. Handþvottaaðstaða starfsfólks í eldhúsi

Matvælaeftirlit

Um eftirlit með matvælum fer samkvæmt lögum nr. 93/1995 um matvæli og reglugerðum settum samkvæmt þeim. Matvælaeftirlit felst í eftirliti með framleiðslu, dreifingu og sölu á matvælum til að tryggja heilnæm og ómengað matvæli. Þannig skal staðið að framleiðslu og dreifingu matvæla að þau valdi ekki heilsutjóni og að ekki sé beitt blekkingum í viðskiptum með þau. Vakin er athygli á að neysluvatn flokkast sem matvæli og þarf því að lúta sömu lögmálum. Matvælalöggjöf evrópusambandsins hefur nú verið innleidd. Reglugerð EB nr.178/2002, oft nefnd hin almennu matvælalög EB, myndar þann grunn sem hin nýja matvælalöggjöf Evrópusambandsins byggir á. Markmið reglugerðarinnar er að vernda líf og heilsu manna og tryggja jafnframt frjálst flæði vöru á EES svæðinu. Sömu reglur gilda um hollustuhætti óháð því hvort um er að ræða framleiðslu eða dreifingu á kjöti, fiski, matjurtum eða unnum matvælum. Hagsmunir neytenda eru settir í öndvegi og munu reglur um rekjanleika matvæla leika stórt hlutverk. Með þeim mun verða mögulegt að rekja feril matvæla á öllum stigum framleiðslu og dreifingar. Ábyrgð framleiðenda og dreifingaraðila gagnvart neytendum matvæla er dregin skýrt fram.



Mynd 7. Upprunamerkingar grænmetis



Mynd 8. Efnalager í grunnskóla

Efnavörueftirlit

Efnalög nr. 61/2013 tóku gildi í apríl sl. og um leið féllu úr gildi lög nr. 52/1988 um hættuleg efni og eiturefni. Markmið nýju laganna er að tryggja að meðferð á efnum og efnablöndum valdi ekki tjóni á heilsu né umhverfi auk þess að uppfylla skuldbindingar Íslands varðandi frjálst flæði vöru á Evrópska efnahagssvæðinu.

Með gildistöku laganna breytist efnavörueftirlitið og verður það nú fyrst og fremst í höndum Umhverfisstofnunar. Heilbrigðiseftirlitið hefur þó sinnt þessu eftirliti fram til 1. janúar 2014.

Í nýju efnalögunum eru gerðar breytingar á lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 þannig að „*Verslun með vörur sem innhalda hættuleg efni og eiturefni*“ og „*Verslun með fegrunar- og snyrtiefni*“ eru felld burt úr fylgiskjali III, sem er listi yfir starfsemi sem er háð starfsleyfum heilbrigðisnefnda.

Felld voru niður starfsleyfi 8 fyrirtækja og er reiknað með að Umhverfisstofnun yfirtaki eftirlitið.

Samkvæmt lögum nr. 7/1998 skal ekkert sveitarfélag vera án heilbrigðiseftirlits. Landið skiptist í tíu eftirlitssvæði og skal heilbrigðisnefnd starfa á hverju svæði. Heilbrigðisnefnd ber að sjá um að framfylgt sé ákvæðum laganna og reglugerða settra samkvæmt þeim, samþykktum sveitarfélaga og ákvæðum í sérstökum lögum eða reglum sem nefndinni er eða kann að vera falið að annast um framkvæmd á. Nefndin skal vinna að bættu heilbrigðiseftirliti á sínu svæði, annast fræðslu fyrir almenning og efla samvinnu við önnur yfirvöld og aðila sem vinna að þessum málum.

Við val í heilbrigðisnefnd er haft í huga að nefndin hafi tengingar um allt svæðið og eins hefur á Vestfjörðum verið lögð áhersla á að heilbrigðisnefndin sé faglega sterk á starfsviði eftirlitsins. Á móti kemur að tengsl við sveitarstjórnarstigið verða lítil þar sem enginn fulltrúi í heilbrigðisnefnd á sæti í sveitarstjórn. Fjölbreyttur bakgrunnur heilbrigðisnefndarfólks og tengsl um allt svæðið er mikill styrkur fyrir heilbrigðiseftirlitið. Vestfirðir eru strjálbýlt svæði með erfiðar samgöngur og fer mikill tími í akstur.

Tafla 5 yfir íbúa og vegalengdir á starfssvæði heilbrigðiseftirlits Vestfjarða.

	íbúar	fjarlægð km
Bolungarvík	918	0
Ísafjarðarbær	3748	13
Reykholahreppur	280	270
Tálknafjarðarhreppur	293	205
Vesturbyggð	941	190
Súðavíkurhreppur	179	33
Árneshreppur	54	320
Kaldrananeshreppur	100	248
Strandabyggð	518	237

Íbúar á norðanverðum Vestfjörðum eru nálægt 70% af íbúum svæðisins og til að sinna öðrum hlutum svæðisins þarf að keyra 200-300 km til að komast í eftirlit, stækkun svæðisins er því illmöguleg ef hægt á að vera að bregðast við samdægurs. Svæðinu öllu er hægt að sinna með dagsferðum. Það fara 4 - 6 klst. í akstur á ferðadögum þannig að virkur vinnutími er undir 4 tímum. Tíðni eftirlits og þau verkefni sem liggja fyrir ræður hvenær svæði eru heimsótt. Heilbrigðiseftirlitið fer eftir stjórnsýslulögum hvað varðar málshraða og markmið okkar er að ákvörðun í máli taki ekki lengri tíma en 4 vikur. Íbúar og fyrirtæki eiga rétt á sömu þjónustu frá heilbrigðiseftirliti óháð því hvar á svæðinu þeir búa. Því er leitast við, af fremsta megni, að bregðast við kvörtunum og ábendingum með sem minnstum fyrirvara óháð staðsetningu. Margar vatnsveitur eru samkvæmt áætlun heimsóttar á þriggja mánaða fresti þannig að ferðir á svæðin fara aldrei undir þá tíðni.

Á síðustu 20 árum hefur íbúum fækkað á svæðinu um ca 30%. Verkefni heilbrigðiseftirlits minnka ekki í takt við íbúaþróun því megnið af starfseminni snýr að eftirliti með grunn

þjónustu við íbúana. Þannig er hvert þorp með bensínstöð, sundlaug, vatnsveitu, búð/sjoppu og félagsheimili. Einnig hefur það gerst að þegar stór fiskvinnslufyrirtæki líða undir lok þá spretta oft þrjú til fjögur minni fyrirtæki upp í kjölfarið. Eins hefur orðið mikil aukning í ferðaþjónustu.

Heilbrigðiseftirlitið er ekki eins um allt land, það er líka kosturinn við það að hafa svæðisbundið eftirlit, því svæðin eru ekki eins. Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða hefur í gegnum árin lagt á það sérstaka áherslu á að gæði neysluvatns séu sem best. Þetta hefur verið gert með því að auka tíðni eftirlits með vatnsveitum og auknum sýnatökum. Þar sem sjávarútvegur og fiskvinnsla eru aðalvinnuvegur þá er gott neysluvatn undirstaðan. En í grunninn fer sama vinnan fram á öllum svæðum, því eftirlit er í raun og veru það sama og aðhald. Með því að beita aðhaldsaðgerðum er verið að koma öllum þeim aðilum, sem eftirlit er haft með, yfir ákveðinn þröskuld sem hægt er að kalla ásættanlega áhættu, sem síðan er skilgreind með tilliti til þess sem verið er að skoða.

Gefið hefur verið í skyn að nálægð heilbrigðiseftirlits við sveitarfélögin geri það að verkum að það beiti sér ekki. Nefnd eru tvö dæmi annarsvegar um fráveitur og hinsvegar um eftirlit með leiksvæðum. Þetta eru þó hvoru tveggja ekki mjög sanngjörn dæmi. Á það hefur verið bent í öll þau ár sem reglugerð um fráveitur og skólp hefur verið í gildi að reglugerðin sé eins og listaverk þar sem engir tveir sjái það sama út úr henni. Hinsvegar eru menn sammála um að miðað við Evrópureglugerðina þá leggur íslenska reglugerðin mun meiri kröfur á lítil sveitarfélög sem losa fráveitu í sjó en á móti eru stærri sveitarfélög með mun minni kröfur á sér en gengur og gerist í Evrópu. Á þetta misræmi hefur verið bent og nú loksins virðist eiga að fara fram vinna við endurskoðun þessarar reglugerðar. Þegar sanngjarnar kröfur sem hægt er að vinna eftir liggja fyrir þá fyrst er hægt að skoða fráveitumál heilstætt fyrir allt landið. Hitt dæmið sem nefnt er, er ákvæði sem skotið var inn í reglugerð um öryggi leiksvallartækja og leiksvæða og eftirlits með þeim. Á það verður að benda að eftirlit með leikskólum er markvisst um allt land. Innra eftirlit leiksskóla og það að ákvæði um aðalskoðun hafi ekki verið framfylgt af fullri hörku skýrist á því mati heilbrigðisfulltrúa að ástand sé að batna og úrbótum sé sinnt. Innra eftirlit leiksskóla á að fela í sér reglubundna yfirlitsskoðun, rekstrarskoðun og aðalskoðun. Það hafa verið gerðar athugasemdir við það að aðalskoðun hafi ekki farið fram en hinsvegar er mjög erfitt að framfylgja þessu ákvæði því skoðunaraðila ber ekki skylda til að upplýsa heilbrigðiseftirlit né starfsfólk leiksskóla um niðurstöður skoðunar. Við beitingu þvingunarúrræða gildir einnig meðalhöfsregla stjórnarsýsluréttar þannig að ef ekki er um alvarleg brot að ræða er vægustu úrræðum beitt.

Það er von mín að þessi kynning gefi góða mynd af starfsemi heilbrigðiseftirlitsins. Verkefnin á árinu 2013 hafa verið mörg og fjölbreytt, en aldrei er hægt að koma öllu á framfæri. Heilbrigðiseftirlitið vinnur eins og áður sagði, forvarnarstarf. Þessar forvarnir hafa það að markmiði að neysluvörur og umhverfi séu á þann hátt að almenningur verði ekki fyrir heilsuskaða. Með 10 eftirlitssvæðum hefur náðst það markmið laganna að tryggja öllum sveitarfélögum og íbúum þeirra gott heilbrigðiseftirlit. Með því að hafa yfirstjórn svæðis í héraði hefur eftirlitssvæðunum gengið vel að ráða til sín velmenntað og hæft starfsfólk. Ekki má gleyma að starfsmannavelta hjá heilbrigðiseftirlitssvæðunum er mjög lág. Þ.e. hæfir starfsmenn sem bæta við sig þekkingu á hverju ári eru gríðarlega verðmæt auðlind. Með 10 svæðisbundnum heilbrigðiseftirlitum hefur tekist að færa þjónustuna til íbúanna og

jafnframt taka tillit til munar sem er á milli landshluta. Með þessu hefur verið hægt að tryggja landsmönnum svo heilnæm lífsskilyrði sem frekast er unnt.

Þau tækifæri sem við fáum til að bera stöðuna hér saman við stöðuna á hinum norðurlöndunum sýna að við höfum mun betri yfirsýn yfir það sem hér er í gangi og er tíðni matarsjúkdóma t.d. mun lægri hér. Ég vil nota tækifærið og þakka heilbrigðisnefnd, sveitarfélögum og eftirlitsþegum á starfssvæðinu fyrir ánægjulegt og gefandi samstarf.

Bolungarvík í apríl 2014
Anton Helgason
Framkvæmdastjóri